

SAMÞYKKT

um öldungaráð Ísafjarðarbæjar

1. gr.

Umboð

Öldungaráð starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

2. gr.

Verksvið

Öldungaráð fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Öldungaráð skal vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Ísafjarðarbæjar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni bæjarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi við Ísafjarðarbæ, móta stefnu og gera tillögur til bæjarstjórnar sem varðar verksvið þess.

3. gr.

Hlutverk

Öldungaráð er vettvangur samráðs bæjarbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun um málefni eldri borgara. Öldungaráð er ráðgefandi fyrir starfsemi Ísafjarðarbæjar í málefnum eldri borgara og stuðlar að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu stofnana bæjarins til bæjarbúa sem eru 67 ára og eldri.

4. gr.

Skipan

Öldungaráð er skipað 7 fulltrúum og jafnmörgum til vara.

- Þrír fulltrúar og þrír til vara tilnefndir af bæjarstjórn.
- Þrír fulltrúar og þrír til vara tilnefndir sameiginlega af félögum eldri borgara í Ísafjarðarbæ.
- Einn fulltrúi og einn til vara tilnefndur af heilsugæslunni.

Bæjarstjórn velur öldungaráðinu formann úr hópi öldungaráðsráðsmanna. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.

Þá getur öldungaráð tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt.

Öldungaráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Ákvörðun um skipun undirnefndar skal tilkynna bæjarstjórn.

5. gr.

Verkstjórn og verkaskipting

Formaður ráðsins er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málefnum eldri borgara.

6. gr.

Þjónusta Ísafjarðarbæjar við öldungaráð

Til að greiða fyrir starfsemi öldungaráðs beinir Ísafjarðarbær þeim tilmælum til stofnana bæjarins að þær veiti öldungaráði aðstöðu til fundahalds án endurgjalds. Velferðarnefnd ákveður ár hvert fjárframlag

til öldungaráðs sem ætlað er til að greiða t.d. pappír, póstburðargjöld, veitingar og fleira samanber hlutverk þess.

Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar aðstoðar öldungaráð við upplýsingaöflun úr stjórnsýslunni og sér um skrifstofuhald fyrir ráðið.

7. gr

Boðun funda og fundarsköp

Öldungaráð skal halda fund a.m.k. þrisvar á ári auk þess sem bæjarstjórn boðar öldungaráð til fundar, einu sinni á ári að hausti, þar sem öldungaráð getur komið sínum áherslum á framfæri.

Formaður öldungaráðs boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra starfsmann félagsþjónustu á velferðarsviði velferðarsviðs og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar eftir því sem við á.

Sviðsstjóri Starfsmaður félagsþjónustu velferðarsviðs skal sitja fundi öldungaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Ísafjarðarbæjar sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Sviðsstjóri velferðarsviðs hefur heimild til að sitja fundi öldungaráðs með málfrelsi og tillögurétt.

8. gr.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

Öldungaráð skal halda gerðabók og senda afrit fundargerða til bæjarstjórnar jafnóðum. Fundargerðir öldungaráðs eru birtar á vef Ísafjarðarbæjar. Fundargerðirnar eru teknar til kynningar á fundum bæjarstjórnar og velferðarnefndar.

Sviðsstjóri Starfsmaður félagsþjónustu velferðarsviðs ber ábyrgð á fundarritun.

Fundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

9. gr.

Málsmeðferð

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

10. gr.

Greiðsla fyrir fundarsetu

Fulltrúar skipaðir af hálfu Ísafjarðarbæjar og fulltrúar skipaðir af hálfu félaga eldri borgara skulu fá greitt fyrir fundarsetu, fyrir allt að þrjá fundi á ári, auk eins fundar með bæjarstjórn. Jafnframt skulu fulltrúar, samkvæmt framangreindu, fá greiddan akstur vegna fundarsóknar, búi þeir í byggðakjörnum utan Skutulsfjarðar.

Greiðslur skulu taka mið af greiðslum fyrir nefndarmenn og formann nefndar, í fastanefndum Ísafjarðarbæjar, eins og þær eru samþykktar á hverjum tíma.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir öldungaráð Ísafjarðarbæjar frá 19. júní 2015.

Samþykkt í bæjarstjórn 20. janúar 2022